



## Hefti 9 Skóli Saga

Tumi er í skóla og Edda er í skóla.




Tumi á vin. Vinur Tuma heitir Óli.



Edda á vinkonu. Vinkona Eddu heitir Viktoría.

Bjalla hringir: Drrrrrrinnnnnggggg

Tumi, Óli, Edda og Viktoría fara út í frímínútur.



Þau fara út á leikvöll.

Þar eru margir krakkar að leika sér.

Úti er sól og logn og ekki mjög kalt.

Það er gott að leika úti.

Bjallan hringir aftur:  
Drrrrrrinnnnnggggg

Nú eiga krakkar að fara inn í skóla.

Nú á að setjast niður og lesa í lestrarbók og skrifa í vinnubók.

Klukkan 11 er próf hjá Tuma og Óla.

En Edda og Viktoría eru að skoða hnött og finna Thailand og Ísland.

Edda og Viktoría opna vinnubók og teikna og lita Ísland og Thailand.

Viktoría vill læra um Thailand.

Viktoría réttir upp hönd: “Megum við Edda fara í tölvu”

“Já” segir kennari.



Edda og Viktoría fara í tölvu og fara inn á <http://www.fjolmenningarvefurbarna.net>

þar lesa þær og læra um Thailand.